

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	Þýsk1BB05-V2023
Kennari:	Hólmfríður Friðjónsdóttir
Önn:	Vorönn 2023
Áætlun unnin:	5.janúar 2023

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins,
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað,
- grundvallarþáttum málkerfisins,
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og greinilega,
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni,
- að beita orðaforða á skýran hátt með því að beita málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt,
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir og hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar,
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál,
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt,
- afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu,
- tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les,
- lesa, sér til ánægju og þroska, skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá skoðun sína,
- takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtali gangandi,
- útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir sem og gera málamiðlanir,
- miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á,

sem metið er með:	<i>Leiðsagnar- og símati í formi skriflegra og munnlegra verkefna.</i>
-------------------	--

Námsefni:	Hraðlestrarbækurnar Oktoberfest og Ein Mann zu viel eftir Felix & Theo auk efnis frá kennara.
-----------	---

Námsmat:	
-----------------	--

Prófseinkunn (%):	Engin formleg próf
-------------------	--------------------

Verkefnaeinkunn (%):	<p>Verkefni úr Oktoberfest: 40%</p> <p>Verkefni úr Ein Mann zu viel: 40%</p> <p>Önnur verkefni frá kennara: 20%</p>
----------------------	---

Skipulag náms:

Námstilhögun:

Allar útskýringar, fyrirmæli og verkefni verða sett inn í kennsluumsjónakerfið. Ætlast er til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða í náminu.

Um skilafrest og vanskil:

Verkefnaskil eru á föstudögum kl.18.00. Sein skil eru ekki leyfð.

Um próf:

- Í áfanganum eru engin formleg próf
